

## Flúðaskóli í 3. sæti á Íslandsmóti barnaskólasveita í skák

Íslandsmót barnaskólasveita, 1.-3. bekkjar fór fram laugardaginn 11. mars í Rimaskóla, Reykjavík. Frábær þátttaka var í mótinu en alls voru 28 sveitir frá 16 skólum mættar í Grafarvoginn. Var þetta í fyrsta skipti sem Flúðaskóli skráir sveit til leiks í þessum aldersflokki.

Það er skemmst frá því að segja að sveit Flúðaskóla stóð sig ótrúlega vel. Sveitin var í toppbaráttu allt mótið og endaði að lokum í 3. sæti.

Sveit Flúðaskóla skipuðu 3. bekkingarnir Loftur Þorsteinsson, Fannar Kristinsson, Garðar Jóhannes Elvarsson og Kacper Jerzy Sójka. Brynjar Logi S. Arndal úr 1. bekk átti einnig að vera í sveitinni en hann komst ekki sökum veikinda.

Strákunum er hér með innilega óskað til hamingju með frábæran árangur.



# Hálendismiðstöð opnar í sumar

Langstærsta einstaka framkvæmdin í Hrunamannahreppi til fjölda ára er nú á lokametrunum. Gert er ráð fyrir að Hálendismiðstöðin í Kerlingarfjöllum opni dyr sínar fyrir gestum í byrjun sumars en formleg opnun er áætluð þann 1. júlí næstkomandi.

Svæðið allt, Kerlingarfjöll og nærliggjandi óbyggðir, var friðlýst sem landslagsverndarsvæði 2020. Verndarsvæðið er alls 344 ferkílómetrar. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar kemur fram að tilgangur friðlýsingar sé marghátaður en ekki síst er friðlýsingunni ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði, en fjöllin hafa í áratugi verið vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Það verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun sem nú er að verða á hálendinu og þeim möguleikum sem þar geta opnast fyrir Hrunamenn. Fjöldi fólks starfar nú þegar við ýmis konar þjónustu við ferðamenn á þessu svæði og þeim mun enn fjölga með tilkomu Hálendismiðstöðvarinnar. Allt eykur þetta möguleika heimamanna á enn fleiri fjölbreyttum og skemmtilegum störfum. Sömu aðilar og reka Hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum sóttu einnig um skálalóðir á Hrunamannaafretti og nú er unnið að gerð samnings um uppbyggingu skálanna þannig að hagsmunir heimamanna verði þar tryggðir með sem bestum hætti.

Nýlega var haldinn íbúafundur hér á Flúðum um auðlindanýtingu í sveitarfélaginu og þá sérstaklega nýjar hugmyndir um nýtingu heita vatnsins í sveitarfélaginu. Hrunamannahreppur, Orkidea og Baseload Power stóðu fyrir fundinum. Að loknum framsögum var fundarmönnum skipt í hópa sem ræddu hvernig nýta mætti jarðhitann í Hrunamannahreppi enn betur en nú er gert og spunnust góðar umræður um alls konar hugmyndir. Unnið verður áfram á þessum vettvangi og enn geta áhugasamir komið hugmyndum sínum á framfæri til dæmis með því að hafa samband við sveitarstjóra.

Nýlega var haldinn fundur fyrir ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi þar sem sjónum var beint að leiðum til að auka hæfni, gæði og arðsemi í ferðaþjónustu. Það er full ástæða til að benda á mjög vandað efni sem finna má á síðunni: [www.haefni.is](http://www.haefni.is) en þar má til dæmis finna vefinn [www.goodtoknow.is](http://www.goodtoknow.is) sem íbúar hér í Hrunamannahreppi af erlendu bergi brotnir hefðu án vafa gaman af að skoða en einnig við hin sem vitum langt í frá allt það sem gott væri að vita um Ísland.

Með ósk um gleðilega páska.





# **Karlakór Hreppamanna Vortónleikar 2023**

**Taktu hár úr hala mínum**



**Á efnisskrá karlakórsperlur og Laddalög**

**Hveragerðiskirkju 15. apríl kl. 16:00**

**Víðistaðakirkju Hafnarfirði 21. apríl kl. 20:00**

**Félagsheimilinu á Flúðum 22. apríl kl. 20:00**

**Verið hjartanlega velkomin**

# Telma Þöll valin til þátttöku á Ólympíuleikum fatlaðra

Telma Þöll Þorbjörnsdóttir, Ásgerði, hefur verið valin til þátttöku á Ólympíuleikum fatlaðra, Special Olympics, sem fram fara í Berlín 17. – 25. júní 2023. Er þetta í fyrsta sinn sem Hrunamaður tekur þátt í Ólympíuleikunum. Telma mun keppa í golfi á mótinu en hún hefur æft golf undanfarin misseri og tekið stórstígum framförum í greininni.

Það er kostnaðarsamt að taka þátt í keppni sem þessari en Telma þarf sjálf að standa straum af þó nokkurri upphæð svo hún komist í keppnina. Hún er nú að leita til sveitunga sinna, fyrirtækja sem einstaklinga um styrk. Vonum við að sem flestir geti látið eitthvað af hendi rakna svo Telma geti látið drauminn rætast. Munum að margt smátt gerir eitt stórt.

Reikningsnúmer hennar er: 0152-26-102704 - kt. 270393-2929.



## Fréttir frá Sláturfélagi Suðurlands

Föstudaginn 17. mars sl. var aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir árið 2022, haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamanna-deild voru: Bjarni Valur í Skipholti, Atli Geir á Hrafnkelsstöðum, Esther á Sólheimum og Jóhanna á Hrafnkelsstöðum.

Afar góð afkoma var á heildarrekstri félagsins, og er staða þess bæði sterk fjárhagslega og markaðslega. Ég ætla að benda öllum á, að fara inn á heimasíðuna [www.ss.is](http://www.ss.is). Því þar er mikinn fróðleik að finna í ársskýrslunni, ásamt fleiri fréttum.

Verum stolt af okkar félagi, og stöndum vörð um okkar eigin hag með öflugu starfi þess.

*Kv. Jóhanna, Hrafnkelsstöðum*

Punktur og hnit - ráðgjöf


# HNITSETNING LANDAMERKJA AFMÖRKUN NÝRRRA LÓÐA LÓÐABLÖÐ SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR

S:693-7992

punkturoghnit@gmail.com

punkturoghnit.is

Skjót og traust þjónusta



# 2024 HJÓNABALLSNEFND

Formenn  
Árni & Freyja - Vesturbrún

Anton & Sigríður Steinunn - Miðhofi

Andri & Kristín - Reykjadal

Ölvir Karl & Bára Sævaldsdóttir - Smiðjustíg

Bozena & Michal - Högnastíg

Margrét Sævarsdóttir & Bubbi - Kotlaugum

Bjarney & Benedikt - Auðsholti

Sveinn Hannes & Eva - Hrafnkelsstöðum

Bergsteinn Björn & Esther - Smiðjustíg

Daði Geir Samúelsson - Bryðjuholti

Ragnheiður Georgsdóttir - Jörfa

Valdimar Stefán Sævaldsson - Akurgerði

## HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM

KLÓSETTIÐ ER EKKI RUSLAFATA.  
EKKI STURTA BLAUTPURRUM OG  
ÖÐRU RUSLI NIÐUR!



### Klósettappír





# VÖRÐUKÓRINN

Þótt ekki sé búið að vera sérlega vorlegt undanfarið þá ætla Vörðukórinn að halda vortónleika í **Selfoskirkju miðvikudaginn 5. apríl klukkan 20:00.**

Flutt verða lög úr ýmsum áttum, allt frá íslenskum dægurlögum og yfir í blús. Einnig verður frumflutningur á nýju lagi með texta eftir Jóa í Stapa.

Vonumst til að sjá sem allra flesta.

**Stjórnandi:** Eyrún Jónasdóttir

#### **Undirleikarar:**

Arnhildur Valgarðsdóttir á píanó  
Jón Rafnsson á kontrabassa

Miðaverð er 3.500 krónur.

**Allur ágóði af þessum tónleikum verður til styrktar fjölskyldu Guðjóns Björnssonar á Syðri-Hömrum.**



ExFlex ehf, Reykjabóli,  
Kt. 640105-0890

**PVC-ÞAKDÚKUR Á ÞÖK OG SVALIR  
NÝLAGNIR OG VIÐGERÐIR**

Hafið samband við Sigga á  
þakinu í síma 692 6415.



**OPNUM 1. APRIL KL 12:00-17:00**



### **Tilboð 1. apríl - 5. apríl**

**Lambabaggi - 2.500 kr**

með rifnu lambi, sveppum og BBQ borið fram með fersku salati



### **OPNUNAR TÍMI YFIR PÁSKANA**

Skírdagur: 12:00-17:00

Föstudagurinn Langi: 12:00-17:00

Laugardagur 8. apríl: 12:00-17:00

Páskadagur: **LOKAÐ**

Annar í páskum: 12:00-17:00

*Bókanir á [www.farmersbistro.is](http://www.farmersbistro.is) eða í síma 5190808*

## **Skiptimarkaður**



Laugardaginn þann 15. apríl stendur Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps fyrir skiptimarkaði í veitingastofunni í félagsheimilinu á Flúðum.

Markaðurinn verður opinn frá 12-16.

Hægt verður að skila af sér hlutum í salnum daginn áður frá 17-18. Ekki verður tekið við fleiri hlutum á markaðinn eftir þann tíma.

Hlutir sem ekki fá nýtt heimili verða gefnir til flóttafólks sem dvelur á Laugarvatni.

**Athugið að hlutirnir verða að vera í góðu ásigkomulagi.**

Ef eitthvað er óljóst má hafa samband við [brynja@fludir.is](mailto:brynja@fludir.is)

## Kæru sveitungar

Ég þakka kveðjur, gjafir, hlýhug og vináttu í kringum fimmtugsafmæli mitt um daginn. Á svona tímamótum er dásamlegt að búa í góðu samfélagi og geta fagnað með vinum og nágrönnum. Fyrir það verð ég ævinlega þakklátur. Fram undan eru fermingar hjá okkur í prestakallinu og svo auðvitað helgihald páskanna:



HRUNAPRESTAKALL

**2. apríl - Pálmasunnudagur:** Ferming í Hrepphóla­kirkju kl. 11.

**6. apríl – Skírdagur:** Ferming kl. 11 í Ólafsvallakirkju og ferming kl. 13:30 í Hrunakirkju.

**7. apríl – Föstudagurinn langi:** Passíusálma­lestur í Hrepphóla­kirkju frá kl. 12 (athugið tímasetningu).

**9. apríl – Páskadagur:** Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8. Morgunverður á eftir í safnaðarheimilinu. Hátíðarmessa og ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

**20. apríl – Sumardagurinn fyrsti:** Fjölskylduguðsþjónusta og ferming í Ólafsvallakirkju kl. 11.

*Sjáumst í kirkjunum okkar – gleðilega páska!*

*Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur*

Opið  
Fimmtudaga - Sunnudaga  
12:00 - 17:00





## FÉLAG ELÐRI HRUNAMANNA

**39. aðalfundur félagsins verður haldinn  
19. apríl 2023 kl 14:00 í Félagsheimilinu.**

### Venjuleg aðalfundarstörf:

- Kosning formanns, núverandi gefur ekki kost á sér.
- Kosning gjaldkera, núverandi gefur kost á sér.
- Kosið í nefndir.

Vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta og styðji þannig þennan frábæra félagskap.

*Kveðja, stjórnin*



## Vortónleikar Tvennra tíma

Söngsveitin Tvennir tímar heldur vortónleika í Félagsheimilinu á Flúðum sunnudaginn 16. apríl kl. 15.00.

Fjölbreytt dagskrá en m.a. koma fram nokkrir nemendur úr Tónsmiðju stjórnanda okkar Stefáns Þorleifssonar.

Kaffi og smákökur á borðum.

*Stjórnin.*

## Íþróttahúsið Flúðum



### Opnunartími tækjasal:

Mánudaga - fimmtudaga

kl. 16:00 – 21:30.

Morgunopnun þriðjudaga kl. 6:00 – 9:00.

Föstudaga kl. 13:00 – 18:00.

Það verður opið einhverjar helgar þegar mót eru í húsinu, við munum auglýsa það á Facebook-síðunni „Íþróttahúsið Flúðum“.

Árskort sem gilda í sundlaugina, íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

## Sundlaugin Flúðum

### Opnunartími:

Mán.- mið. og fös. kl. 16:00 – 20:30

**Á mán. og fimmtudagsmorgnum  
kl. 6:00 – 9:00.**

Laugardag og sunnudag kl. 13:00 - 18:00

## Opnunartími íþróttamannvirkja um páska

### Sundlaugin:

Skírdagur, 6. apríl kl. 13-18

Föstudagurinn langi, 7. apríl kl. 13-18

Laugardagur, 8. apríl 13-18

Páskadagur, 9. apríl Lokað

Annar í páskum, 10. apríl 13-18


### Íþróttahúsið:

Lokað frá föstudeginum langa og til og með annars í páskum.

Opnar aftur þriðjudaginn 11. apríl.

## Fluttur söngleikur hjá elsta stigi Flúðaskóla

Söngleikurinn Grease var fluttur í heild af nemendum á elsta stigi Flúðaskóla á árhátíð nemenda í liðinni viku. Var einstaklega skemmtilegt að fylgjast með því hvernig hæfileikar komu í ljós og allir sem tóku þátt í sýningunni blómstruðu sem aldrei fyrr. Sýningin var litrík, líflæg, vel leikin og ótrúlega vel var sungið. Full ástæða er til að fagna þessum flattu ungmennum - framtíðin er ykkar, til hamingju með flotta sýningu.



**HUGMYND**

## TEIKNISTOFAN HUGMYND



Tek að mér hönnun og teikningu á byggingar-  
leyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

---

Högnastíg 14, 845 Flúðir - [flight@simnet.is](mailto:flight@simnet.is) - Sími 699 0757



# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## FÓTAAÐGERÐASTOFA ÖDDU SIGGU

Miðfelli 2a

Opið alla virka daga kl. 8-16.

Tímamantánir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



### Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



### Bókasafnið er opið:

Þriðjudaga	Kl. 19-20
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18
Föstudaga	Kl. 12-14



ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR  
BÍLAFLUTNINGAR / ÞVOTTUR OG BÓN

OPIÐ KL. 8:00-17:00



Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur

Axel  
Sími 860 7073



Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir

Sími 888 1975 / 865 7499

Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir  
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum  
Sími 861 9682



**Grænna land ehf.**

Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufræðingur

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilsugæslan Laugarási**

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.